

Samsteypt þýðing fjármála- og efnahagsráðuneytisins, 14. apríl 2020, birt með fyrirvara um villur. Á vef Stjórnartíðinda ESB má nálgast tímabundinn ramma frá [19. mars](#) og breytingar frá [3. apríl](#) 2020, á frummálum.

Framkvæmdastjórn
Evrópusambandsins

ORÐSENDING FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

**Tímabundinn rammi um ríkisaðstoð til stuðnings hagkerfisins
vegna yfirstandandi COVID-19-heimsfaraldurs**

(samsteypt útgáfa)

1. ÚTBREIÐSLA COVID-19, EFNAHAGSÁHRIF HENNAR OG ÞÖRF Á TÍMABUNÐNUM AÐGERÐUM

1.1. Útbreiðsla COVID-19 og efnahagsáhrif hennar

1. Útbreiðsla COVID-19 skapar alvarlegt lýðheilsulegt neyðarástand sem hefur áhrif á almenning og samfélag, með staðfest smit í öllum aðildarríkjum Evrópusambandsins. Einnig er COVID-19-faraldurinn gríðarlegt áfall fyrir bæði alþjóðahagkerfið og hagkerfi ESB-ríkja og samræmdar aðgerðir aðildarríkja og stofnana ESB því bráðnauðsynlegar til þess að draga úr neikvæðum áhrifum þess á hagkerfi Evrópusambandsins.
2. Áhrif þessa áfalls miðlast út í hagkerfið eftir mismunandi farvegum. Þau valda framboðsskelli vegna truflunar aðfangakeðja og eftirspurnarskelli vegna samdráttar í eftirspurn neytenda og skapa mikla óvissu, með tilheyrandi skaðlegum áhrifum á fjárfestingaráform, auk áhrifa lausafjárskorts hjá fyrirtækjum.
3. Hinum ýmsu hamlandi aðgerðum sem aðildarríki hafa beitt, svo sem reglum um samskiptafjarlægð, ferdatakmörkunum, sóttkví og útgöngubanni, er ætlað að tryggja að áfallið vari sem styst og verði eins umfangslítið og kostur er. Slíkar aðgerðir hafa strax áhrif á bæði eftirspurn og framboð; einnig hafa þær áhrif á fyrirtæki og launþega, sér í lagi í atvinnugreinum eins og heilsuþjónustu, ferðaþjónustu, menningu, verslun og samgöngum. Fyrir utan þau áhrif sem faraldurinn hefur haft nú þegar á ferðir og viðskipti er útbreiðsla COVID-19 farin að þjarma að fyrirtækjum af öllum stærðum, þvert yfir hagkerfið. Alþjóðlegir fjármálamarkaðar verða einnig fyrir áhrifum og áhyggjur af lausafjárstöðu hafa vaxið. Þessi áhrif munu ekki einskorðast við neitt tiltekið aðildarríki; þvert á móti munu þau raska hagkerfi Evrópusambandsins í heild sinni.
4. Í þeim afar sérstöku aðstæðum sem COVID-19 hefur valdið geta alls kyns fyrirtæki orðið fyrir alvarlegum lausafjárskorti. Bæði gjaldfær félög og þau sem er verr stödd geta orðið fyrir ófyrirséðum lausafjárskorti eða jafnvel lausafjárþurrð. Lítil og meðalstór fyrirtæki eru í sérstakri hættu hvað það varðar. Þetta getur því haft alvarleg skemmri og lengri tíma áhrif á efnahag margra heilbrigðra fyrirtækja sem og starfsmenn þeirra, auk þess að stefna rekstrarhæfi fyrirtækjanna í hættu.
5. Bankar og aðrir fjármagnsmiðlarar munu leika lykilhlutverk í viðbrögðum við faraldrinum með því að viðhalda flæði lánsfjármagns út í hagkerfið. Ef flæði lánsfjár takmarkast verulega munu efnahagssumsvif dragast snögglega saman, þar sem fyrirtæki munu eiga erfitt með að greiða birgjum og starfsmönnum. Í slíku umhverfi er viðeigandi að heimila aðildarríkjum að gera ráðstafanir til að hvetja lánastofnanir og aðra fjármagnsmiðlara til að styðja áfram efnahagssumsvif innan Evrópusambandsins.
6. Ríkisaðstoð aðildarríkja skv. b-lið 3. mgr. 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (SUSE) í samræmi við þessa orðsendingu, sem miðluð er í gegnum banka sem fjármagnsmiðlara, hefur bein jákvæð áhrif á þessi fyrirtæki. Slíkri aðstoð er ekki ætlað að varðveita eða endurheimta rekstrarhæfi, lausafjárstöðu eða gjaldfærni bankanna. Sömuleiðis er ríkisaðstoð veitt bönkum skv. b-lið 2. mgr. 107. gr. SUSE í því skyni að vega upp beint tap vegna útbreiðslu COVID-19¹ ekki ætlað að varðveita eða endurheimta rekstrarhæfi,

¹ Aðildarríki skulu tilkynna slíka aðstoð og mun framkvæmdastjórnin meta hana m.t.t. b-liðar 2. mgr. 107. gr. SUSE.

lausafjárstöðu eða gjaldfærni stofnana eða annarra aðila. Þar af leiðandi væri slík aðstoð ekki flokkuð sem sérstakur opinber fjárstuðningur skv. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2014/59/ESB (BRRD-tilskipun)² né skv. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 806/2014 (SRM-reglugerð),³ né flokkuð undir reglur um ríkisaðstoð⁴ sem gilda um bankastarfsemi.⁵

7. Ef bankar þurfa beina aðstoð í formi endurfjármögnunar lausafjár eða aðgerða vegna virðisrýrðra eigna sökum útbreiðslu COVID-19 þarf að meta hvort aðgerðin uppfylli skilyrði undirliðar (i), (ii), eða (iii) d-liðar 4. mgr. 32. gr. BRRD-tilskipunar. Í tilviki hinna síðarnefndu skilyrða má bankinn sem fengi slíka beina aðstoð ekki teljast gjaldþrota eða líklegur til að verða gjaldþrota. Að því leyti sem slíkar aðgerðir leysa COVID-tengd vandamál teldust þær falla undir 45. lið orðsendingarinnar um bankastarfsemi frá 2013 (e. 2013 Banking Communication),⁶ sem kveður á um undantekningu frá kröfu um dreifingu útgjaldabyrða meðal hluthafa og eigenda víkjandi lána.
8. Það gæti orðið svo að fyrirtæki verði ekki einungis fyrir lausafjárskorti heldur einnig fyrir talsverðu fjárhagstjóni vegna COVID-19-faraldursins. Hið fordæmalaus eðli COVID-19-útbreiðslunnar þýðir slíkt tjón er bæði ófyrirsjáanlegt og afar umfangsmikið, og setur fyrirtæki þar með í stöðu sem er gjörólik eðlilegum markaðsaðstæðum. Jafnvel stöndug fyrirtæki sem eru vel fær um að takast á við þær áhættur sem fylgja atvinnurekstri gætu átt erfitt undir þessum sérstöku aðstæðum — svo erfitt að rekstrarhæfi þeirra gætu verið að veði.
9. Útbreiðsla COVID-19 gæti haft í för með sér alvarlegan efnahagssamdrátt sem hefði djúpstæð áhrif á fyrirtæki, störf og heimili um allt Evrópusambandið. Markvissrar opinberrar aðstoðar er þörf til að tryggja nægt lausafé á markaði til lengri tíma, með það markmið að vinna gegn því tjóni sem heilbrigð fyrirtæki gætu orðið fyrir og að viðhalda efnahagssumsvifum bæði á meðan á faraldrinum stendur og á eftir. Þar sem ESB er með takmarkað fjármagn munu helstu aðgerðir greiðast úr fjárlögum aðildarríkjanna. Reglur ESB um ríkisaðstoð gera aðildarríkjum

² Stjtið. ESB L 173 frá 12.6.2014, bls. 190-348.

³ Stjtið. ESB L 225 frá 30.7.2014, 29. lið 1. mgr. 3. gr. SRM-reglugerðar.

⁴ Orðsending um endurfjármögnun fjármálafyrirtækja í yfirstandandi fjármálakreppu: lágörkun á aðstoð og varnir gegn ástæðulausri samkeppniströskun (e. Recapitalisation Communication) (Stjtið. ESB C 10 frá 15.1.2009, bls 2); orðsending framkvæmdastjórnarinnar um meðhöndlun virðisrýrðra eigna í fjármálakerfi ESB (e. Impaired Assets Communication) (Stjtið. ESB C 72 frá 26.3.2009, bls. 1); orðsending um endurheimt rekstrarhæfi og mat á endurfjármögnunaraðgerðum í fjármálakerfinu í yfirstandandi fjármálakreppu samkvæmt reglum um ríkisaðstoð (e. Restructuring Communication) (Stjtið. ESB C 195 frá 19.8.2009, bls. 9); orðsending framkvæmdastjórnarinnar um beitingu reglna um ríkisaðstoð frá og með 1. janúar 2011 vegna stuðningsaðgerða til handa fjármálafyrirtækjum í tengslum við fjármálakreppuna (e. 2010 Prolongation Communication) (Stjtið. ESB C 329 frá 7.12.2010, bls. 7); orðsending framkvæmdastjórnarinnar um beitingu reglna um ríkisaðstoð frá og með 1. janúar 2012 vegna stuðningsaðgerða til handa fjármálafyrirtækjum í tengslum við fjármálakreppuna (e. 2011 Prolongation Communication) (Stjtið. ESB C 356 frá 6.12.2011, bls. 7); orðsending framkvæmdastjórnarinnar um beitingu reglna um ríkisaðstoð frá og með 1. ágúst 2013 vegna stuðningsaðgerða til handa bönkum í tengslum við fjármálakreppuna (e. 2013 Banking Communication) (Stjtið. ESB C 216 frá 30.7.2013, bls. 1).

⁵ Hvers kyns aðgerðir til stuðnings lánastofnunar eða öðrum fjármálafyrirtækjum sem teljast ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 107. gr. SUSE og falla utan þessarar orðsendingar eða falla ekki undir b-lið 2. mgr. 107. gr. SUSE skulu tilkynntar framkvæmdastjórninni og metnar m.t.t. reglna um ríkisaðstoð er gilda um bankastarfsemi.

⁶ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um beitingu reglna um ríkisaðstoð frá og með 1. ágúst 2013 vegna stuðningsaðgerða til handa bönkum í tengslum við fjármálakreppuna (e. 2013 Banking Communication) (Stjtið. ESB C 216 frá 30.7.2013, bls. 1-15).

kleift að grípa til skjótra og markvissra aðgerða til stuðnings almennings og fyrirtækja (sér í lagi lítilla og meðalstórra fyrirtækja) í fjárhagsvanda vegna COVID-19.

1.2. Þörf á náinni samhæfingu stuðningsaðgerða Evrópuríkja

10. Markvisst eftirlit ESB með ríkisaðstoð aðildarríkja þar sem meðalhófs er gætt tryggir að stuðningsaðgerðir ríkja hafi tilætluð áhrif og hjálpi löskuðum fyrirtækjum á meðan á COVID-19 faraldrinum stendur, en einnig að aðgerðirnar gefi þeim svigrúm til að taka við sér síðar, að teknu tilliti til markmiða Evrópusambandsins um að ná fram hinum grænu og stafrænu „tvíbura- umbreytingum“. Sömuleiðis tryggir eftirlit ESB með ríkisaðstoð að innri markaður ESB virki sem heild og jafnræði sé virt. Efnahagsbatinn verður einnig hraðari ef heildarvirkni innri markaðarins er gætt. Auk þess verður hægt að afstýra höfrungahlaupi milli ríkja þar sem fjársterkari aðildarríki hugsanlega eyði meira en hin, með tilheyrandi rýrnun á sátt innan Evrópusambandsins.

1.3. Þörf á viðeigandi stuðningsaðgerðum aðildarríkja

11. Á meðan aðildarríki reyna almennt að bregðast við efnahagsáhrifum COVID-19-faraldursins lýsir þessi orðsending þeim möguleikum sem aðildarríki hafa samkvæmt reglum Evrópusambandsins til að tryggja fyrirtækjum lausafé og aðgang að lánsfé, sérstaklega litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem verða fyrir ófyrirséðum skorti á þessu tímabili, í því skyni að gefa þeim svigrúm til að ná sér eftir áfallið.
12. Í orðsendingu um samhæfð viðbrögð við útbreiðslu COVID-19 frá 13. mars 2020⁷ lýsti framkvæmdastjórnin tiltækum aðgerðum sem falla ekki undir eftirlit ESB með ríkisaðstoð aðildarríkja og sem aðildarríki geta því beitt án aðkomu framkvæmdastjórnarinnar. Meðal þeirra eru aðgerðir sem gilda fyrir öll fyrirtæki, svo sem launastuðningur; frestun á greiðslu fyrirtækjaskatts, virðisaukaskatts eða framlaga til velferðarkerfisins; eða beinn fjárhagsstuðningur til neytenda vegna niðurfellingar á þjónustu eða miðakaupa sem ekki eru endurgreidd af rekstraraðila.
13. Aðildarríkja mega einnig hanna stuðningsaðgerðir í samræmi við hina almennu reglugerð um hópundanþágu⁸ án aðkomu framkvæmdastjórnarinnar.
14. Aukinheldur mega aðildarríki, skv. c-lið 3. mgr. 107. gr. SUSE og í samræmi við viðmiðunarreglurnar um ríkisaðstoð til björgunar og endurskipulagningar, tilkynna framkvæmdastjórninni um stuðningskerfi sem ætlað er að bregðast við bráðri lausafjárþörf og aðstoða fyrirtæki sem eru illa stödd eða verr stödd m.a. vegna COVID-19.⁹
15. Samkvæmt b-lið 2. mgr. 107. gr. SUSE mega aðildarríki einnig bæta fjárhagstjón fyrirtækja í atvinnugreinum sem hafa orðið illa úti vegna COVID-19 (s.s. samgöngum, ferðaþjónustu, menningu, hótél- og gistihúsrekstri og verslun) og/eða skipuleggjenda niðurfelldra viðburða,

⁷ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, Leiðtogaáæðs ESB, Evrópuráðsins, Seðlabanka Evrópu, Evrópska Fjárfestingarbankans og Eurogroup um samhæfð viðbrögð við COVID-19-faraldrinum, COM(2020) 112 lokaútgáfu frá 13.03.2020.

⁸ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 frá 17. júní 2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans (SUSE), Stjtið. ESB 187 frá 26.6.2014, bls. 1

⁹ Leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð til björgunar og endurskipulagningar í illa stöddum fyrirtækjum öðrum en fjármálafyrirtækjum, Stjtið. ESB C 249 frá 31.7.2014, bls. 1. Framkvæmdastjórnin hefur heimilað ýmis kerfi í níu mismunandi aðildarríkjum.

ef tjónið má rekja beint til faraldursins. Aðildarríki mega tilkynna slíkar aðgerðir og framkvæmdastjórnin mun meta þær m.t.t. b-liðar 2. mgr. 107. gr. SUSE.¹⁰ Reglan um „eitt skipti fyrir öll“¹¹ sem lýst er í leiðbeinandi reglunum um ríkisaðstoð til björgunar og endurskipulagningar nær ekki til aðstoðar sem framkvæmdastjórnin telur samrýmanlega skv. b-lið 2. mgr. 107. gr. SUSE þar sem síðarnefnd tegund aðstoðar er ekki „björgunaraðstoð, endurskipulagningaraðstoð og tímabundinn stuðningur vegna endurskipulagningar“ í skilningi 71. liðar leiðbeinandi reglnanna. Þar af leiðandi mega aðildarríki skv. b-lið 2. mgr. 107. gr. SUSE bæta tjón fyrirtækja sem hafa þegar fengið aðstoð samkvæmt leiðbeinandi reglunum um ríkisaðstoð til björgunar og endurskipulagningar enda megi rekja tjónið beint til COVID-19-faraldursins.

16. Til viðbótar við ofangreinda valkosti lýsir framkvæmdastjórnin í þessari orðsendingu frekari tímabundnum aðgerðum um ríkisaðstoð sem hún telur samrýmanlegar skv. b-lið 3. mgr. 107. gr. SUSE, og sem aðildarríki geta samþykkt mjög fljótlega að lokinni tilkynningu til framkvæmdastjórnarinnar. Einnig er áfram mögulegt að tilkynna aðra valkosti — bæði aðstoðarkerfi og stakar aðgerðir. Markmið þessarar orðsendingar er að búa til ramma sem hjálpar aðildarríkjum að bregðast við þeim vandamálum sem fyrirtæki standa frammi fyrir og einnig að standa vörð um heildarvirkni innri markaðarins og tryggja jafnræði.

[16. gr.b Til viðbótar við þær aðstoðarráðstafanir sem leyfðar eru á grundvelli b-liðar 3. mgr. 107. gr. SUSE og núverandi möguleika á grundvelli c-liðar 3. mgr. 107. gr. SUSE, telur framkvæmdastjórnin að brýnt sé að flýta COVID-19-tengdum rannsóknum og þróun, styðja við prófunar- og framleiðsluaukningarinnviði sem stuðla að þróun COVID-19-tengdrar vöru sem og að styðja við framleiðslu á vörum sem nauðsynlegar eru til að bregðast við útbreiðslu sjúkdómsins. Þess vegna kveður þessi orðsending á um skilyrði þess að framkvæmdastjórnin telji slíkar ráðstafanir samrýmanlegar innri markaðnum á grundvelli c-liðar 3. mgr. 107. gr. SUSE. Framkvæmdastjórnin hefur tekið tillit til sameiginlegs markmiðs slíkra aðstoðarráðstafana og jákvæðra áhrifa þeirra á baráttuna gegn þeirri heilsuvá sem stafar af útbreiðslu COVID-19 og hefur vegið þau áhrif á móti hugsanlegum neikvæðum áhrifum slíkra ráðstafana á innri markaðinn.]

2. BEITING B-LIÐAR 3. MGR. 107. GR. SÁTTMÁLANS UM STARFSHÆTTI EVRÓPUSAMBANDSINS

17. Samkvæmt b-lið 3. mgr. 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (SUSE) getur framkvæmdastjórnin heimilað ríkisaðstoð til „að ráða bót á alvarlegri röskun á efnahagslífi aðildarríkis“. Í þessu samhengi hafa dómstólar Evrópusambandsins úrskurðað að röskunin verði að hafa áhrif á allt hagkerfi aðildarríkis eða mikilvægan hluta þess, en ekki einungis hagkerfi tiltekins svæðis innan þess ríkis. Þá er þetta í samræmi við nauðsyn þess að túlka strangt öll undantekningarákvæði, s.s. b-lið 3. mgr. 107. gr. SUSE.¹² Framkvæmdastjórnin hefur ítrekað byggt ákvarðanir sínar á þessari túlkun.¹³

¹⁰ Sjá t.d. ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli SA.56685, Danmörk — bótakerfi vegna niðurfellingar atburða sökum COVID-19,

https://ec.europa.eu/competition/state_aid/cases/202011/285054_2139535_70_2.pdf.

¹¹ Sjá kafla 3.6.1 í leiðbeinandi reglunum um ríkisaðstoð til björgunar og endurskipulagningar.

¹² Sameinuð mál nr. T-132/96 og T-143/96 Freistaat Sachsen, Volkswagen AG og Volkswagen Sachsen GmbH v framkvæmdastjórninni, ECLI:EU:T:1999:326, 167. mgr.

¹³ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 98/490/EC í máli nr. C 47/96 Crédit Lyonnais ([Stjtið. ESB L 221 frá 8.8.1998, bls. 28](#)), lið 10.1; ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2005/345/EC í máli nr. C 28/02

Bankgesellschaft Berlin ([Stjtið. ESB L 116 frá 4.5.2005, bls. 1](#)), lið 153 og áfram; og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2008/263/EC í máli nr. C 50/06 BAWAG ([Stjtið. ESB L 83 frá 26.3.2008, bls. 7](#)),

18. Þar sem COVID-19 nær til allra aðildarríkja ESB og hamlandi aðgerðir aðildarríkjanna hafa áhrif á fyrirtæki telur framkvæmdastjórnin ríkisaðstoð réttlætanlega og hún geti verið talin samrýmanlega við innri markaðinn á grundvelli b-liðar 3. mgr. 107. gr. SUSE, í takmarkaðan tíma, til að ráða bót á lausafjárskorti sem fyrirtæki standa frammi fyrir og tryggja að truflanir af völdum COVID-19 grafi ekki undan rekstrarhæfi þeirra, sér í lagi rekstrarhæfi lítilla og meðalstórra fyrirtækja.
19. Í þessari orðsendingu lýsir framkvæmdastjórnin skilyrðum fyrir samrýmanleika sem hún mun að jafnaði beita í tengslum við aðstoð frá aðildarríkjum skv. b-lið 3. mgr. 107. gr. SUSE. Þar af leiðandi skulu aðildarríki sýna fram á að ríkisaðstoð sem tilkynnt er framkvæmdastjórninni samkvæmt þessari orðsendingu sé nauðsynleg, viðeigandi og í réttu hlutfalli til að ráða bót á alvarlegri truflun á efnahagslífi viðkomandi aðildarríkis og að öll skilyrði sem fram koma í þessari orðsendingu séu uppfyllt.
- [20. Uppsöfnun á allri aðstoð veittri á grundvelli mismunandi kafla þessarar orðsendingarinnar er heimil fyrir utan eftirfarandi:
- a. aðstoð veittri á grundvelli kafla 3.2 og 3.3, sé hún veitt vegna sama undirliggjandi láns og heildarlánsfjárhæð til hvers fyrirtækis sé umfram tilgreint hámark samkvæmt d-lið 25. gr. eða d-lið 27. gr. þessarar orðsendingar; og
 - b. aðstoð veittri á grundvelli kafla 3.6, 3.7 og 3.8, sé hún veitt vegna sama styrkhæfa kostnaðar.^{14]}

3. TÍMABUNÐNAR RÍKISAÐSTOÐARRÁÐSTAFANIR

3.1. Aðstoð í formi beins fjárstuðnings, endurgreiðanlegrar fyrirgreiðslu eða skattaívilnana

lið 166. Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli nr. NN 70/07 Northern Rock ([Stjtið. ESB C 43 frá 16.2.2008, bls. 1](#)), ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli nr. NN 25/08 Rescue aid to Risikoabschirmung WestLB ([Stjtið. ESB C 189 frá 26.7.2008, bls. 3](#)) og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 4. júní 2008 í máli State aid C 9/08 SachsenLB ([Stjtið. ESB L 104 frá 24.4.2009, bls. 34](#)), og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 6. júní 2017 í máli nr. SA.32544 (2011/C) Restructuring of TRAINOSE S.A (Stjtið. ESB L 186 frá 24.7.2018, bls. 25).

¹⁴ Séu ákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 frá 17. júní 2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. SUSE (reglugerðar um almenna hópundanþágu) og ákvæðum hinna ýmsu minniháttar-reglna skv. reglugerð fylgt, er heimilt að uppsafna tímabundnum aðstoðarráðstöfunum gerðum á grundvelli þessarar orðsendingar, í samræmi við uppsöfnunarreglurnar samkvæmt reglugerð um almenna hópundanþágu og hinum ýmsu minniháttar-reglugerðum, svo sem reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1407/2013 frá 18. desember 2013 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins í málum varðandi minniháttaraðstoð (Stjtið. ESB L 352 frá 24.12.2013, bls. 1); reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1408/2013 frá 18. desember 2013 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins í málum varðandi minniháttaraðstoð til fyrirtækja í landbúnaði (Stjtið. ESB L 352 frá 24.12.2013, bls. 9); reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 717/2014 frá 27. júní 2014 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins í málum varðandi minniháttaraðstoð til fyrirtækja í sjávarútvegi og fiskeldi (Stjtið. ESB L 190 frá 28.6.2014, bls. 45); og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 360/2012 frá 25. apríl 2012 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins í málum varðandi minniháttaraðstoð til fyrirtækja sem veita þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu (Stjtið. ESB L 114 frá 26.4.2012, bls. 8).

21. Til viðbótar við mögulega aðstoð sem byggir á c-lið 3. mgr. 107. gr. SUSE getur tímabundin aðstoð til handa fyrirtækjum sem lenda í ófyrirséðum lausafjárskorti eða jafnvel lausafjárþurrð talist viðeigandi, nauðsynleg og markviss lausn í núverandi aðstæðum.
22. [Framkvæmdastjórnin mun telja slíka ríkisaðstoð samrýmanlega innri markaðnum á grundvelli b-liðar 3. mgr. 107. gr. SUSE, enda séu öll eftirfarandi skilyrði uppfyllt (sérákvæði sem gilda um frumframleiðslu í landbúnaði, sjávarútveg og fiskeldi er að finna í 23. gr.):
- Heildarfjárhæð aðstoðar til hvers fyrirtækis sé að hámarki EUR 800.000. Aðstoð má veita í formi beins fjárstuðnings, skatta- og greiðsluúvilnana og annarrar tegundar aðstoðar, svo sem endurgreiðslubærra fyrirframgreiðslna, ábyrgða, lánveitinga og eiginfjár, enda sé heildarnafnvirði aðstoðar til hvers fyrirtækis að hámarki EUR 800.000 (allar tölur skulu vera brúttó, s.s. fyrir frádrátt skatta og annarra gjalda);¹⁵
 - Aðstoð má ekki veita fyrirtækjum sem þegar voru í erfiðleikum (í skilningi reglugerðar um almenna hópundanþágu) þann 31. desember 2019.]
 - Aðstoð megi veita fyrirtækjum sem ekki voru í erfiðleikum (í skilningi reglugerðar um almenna hópundanþágu¹⁵) þann 31. desember 2019; aðstoð megi veita fyrirtækjum sem ekki eru í erfiðleikum og/eða voru ekki í erfiðleikum þann 31. desember 2019 en lentu í erfiðleikum eftir þann dag sökum útbreiðslu COVID-19;
 - Aðstoð sé veitt í síðasta lagi þann 31. desember 2020;¹⁶
 - Aðstoð veitt fyrirtækjum sem stunda úrvinnslu og markaðssetningu landbúnaðarvöru¹⁷ sé háð þeim skilyrðum að henni sé ekki miðlað áfram til frumframleiðenda, að fullu eða að hluta, og að hún miðist ekki við verð eða magn vöru sem keypt er af framleiðendum eða sett á markað af viðkomandi fyrirtækjunum.
23. Sem frávik frá a-lið 22. gr. gilda eftirfarandi sérskilyrði um landbúnað, sjávarútveg og fiskeldi, til viðbótar við skilyrði samkvæmt liðum a-k 22. gr.:
- Aðstoð veitt hverju fyrirtæki í sjávarútvegi og fiskeldi¹⁸ sé að hámarki EUR 120.000, eða EUR 100.000 til hvers fyrirtækis í frumframleiðslu landbúnaðarvöru;¹⁹ Aðstoð má veita í formi beins fjárstuðnings, skatta- og greiðsluúvilnana og annarra tegunda aðstoðar, svo sem endurgreiðslubærra fyrirframgreiðslna, ábyrgða, lánveitinga og eiginfjár, enda sé heildarnafnvirði aðstoðar til hvers fyrirtækis að hámarki EUR 120.000 eða EUR 100.000 (allar tölur skulu vera brúttó, s.s. fyrir frádrátt skatta og annarra gjalda);
 - Aðstoð veitt fyrirtækjum í frumframleiðslu landbúnaðarvöru skuli ekki miðast við verð eða magn vöru sem sett er á markað. Aðstoð veitt fyrirtækjum í sjávarútvegi og fiskeldi

¹⁵ Samkvæmt skilgreiningu í 18. mgr. 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 frá 17. júní 2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans, Stjtið. ESB 187 frá 26.6.2014, bls. 1.

¹⁶ Sé aðstoð veitt í formi skattaúvilnana á þessi frestur ekki við og aðstoð telst veitt m.v. skilafrest skattframtals fyrir árið 2020.

¹⁷ Samkvæmt skilgreiningu í 6. og 7. mgr. 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 702/2014 frá 25. júní 2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar til landbúnaðar og skógræktar og til dreifbýlissvæða sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans, Stjtið. ESB 193 frá 1.7.2014, bls. 1.

¹⁸ Samkvæmt skilgreiningu í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 717/2014 frá 27. júní 2014 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins í málum varðandi minniháttar aðstoð til fyrirtækja í sjávarútvegi og fiskeldi (Stjtið. ESB L 190 frá 28.6.2014, bls. 45).

¹⁹ Allar vörur sem tilgreindar eru í Viðauka I við SUSE, fyrir utan sjávarútvegs- og fiskeldisvörur.

falli ekki undir þá flokka aðstoðar sem lýst er í liðum a-k 1. mgr. 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 717/2014.²⁰

[23. gr.b Þar sem fyrirtæki starfar á nokkrum sviðum sem eru háð mismunandi hámarksfjárhæðum samkvæmt a-lið 22. gr. og a-lið 23. gr. skuli viðkomandi aðildarríki tryggja, svo sem með aðgreindu bókhaldi, að tilheyrandi hámarksfjárhæðir séu virtar vegna hvers sviðs starfseminnar.]

3.2. Aðstoð í formi lánsábyrgðar

24. Veiting lánsábyrgðar til þess að tryggja fyrirtækjum í ófyrirséðum lausafjávanda aðgang að lausafé má telja viðeigandi, nauðsynlega og markvissa aðgerð í núverandi aðstæðum, enda séu takmörk sett á lánstíma og lánsfjárhæð.

25. [Framkvæmdastjórnin mun telja slíka ríkisaðstoð veitta í formi nýrra ábyrgða á stökum lánnum vegna útbreiðslu COVID-19 samrýmanlega innri markaðnum á grundvelli b-liðar 3. mgr. 107. gr. SUSE, enda séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

a. Áhættuálag hvers láns fyrir sig sé háð settu lágmarki sem hækki í skrefum eftir því sem lengd lánsins sem ábyrgð gildir um eykst, samkvæmt eftirfarandi töflu:

Tegund aðstoðarþega	Fyrsta ár	2.-3. ár	4.-6. ár
Lítill og meðalstór fyrirtæki	25bp	50bp	100bp
Stór fyrirtæki	50 bp	100 bp	200 bp

b. Að öðrum kosti geta aðildarríki tilkynnt um kerfi þar sem taflan að ofan er höfð til hliðsjónar en gildistíma, áhættuálagi og umfangi ábyrgðar á hverjum undirliggjandi höfuðstól er unnt að breyta (svo sem umfangsminni ábyrgð á móti lengri gildistíma eða lægra áhættuálagi); áhættuálag má vera óbreytt á öllum gildistíma ábyrgðar sé álag á hverri tegund lántakanda hærra en fyrsta árs lágmark samkvæmt töflunni að ofan, en leiðrétt fyrir gildistíma og umfang ábyrgðar samkvæmt þessari málsgrein;

c. Lánsábyrgðin sé veitt eigi seinna en 31. desember 2020;

d. Heildarfjárhæð lána til hvers lántakanda með lokagjalddaga eftir 31. desember 2020 sé ekki hærri en:

i. Tvöfaldur árlegur launakostnaður viðkomandi fyrirtækis (þ.m.t. tryggingagjöld og kostnaður vegna starfsmanna sem vinna á athafnasvæði fyrirtækisins en eru á launaskrá undirverktaka) á árinu 2019, eða síðasta ári þar sem tölur liggja fyrir. Í tilfelli fyrirtækja stofnaðra frá og með 1. janúar 2019 skuli lánsfjárhæðin ekki vera hærri en áætlaður árlegur launakostnaður fyrstu tveggja rekstrarára; eða

ii. 25% af heildarveltu lántakanda á árinu 2019; eða

iii. Leggi fyrirtæki fram viðeigandi rökstuðning ásamt yfirlýsingu um lausafjarpörf²¹ er heimilt að hækka lánsfjárhæð svo að hún mæti lausafjarpörf í

²⁰ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 717/2014 frá 27. júní 2014 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins í málum varðandi minniháttar aðstoð til fyrirtækja í sjávarútvegi og fiskeldi, Stjtið. ESB L 90 frá 28.6.2014, bls. 45.

²¹ Lausafjáraætlunin má ná til bæði veltufjár og fjárfestingarkostnaðar.

18 mánuði frá útgáfudegi lánsins í tilviki lítilla og meðalstórra fyrirtækja og í 12 mánuði frá útgáfudegi í tilviki stórra fyrirtækja;

- e. Höfuðstóll lána með lokagjaldþaga til og með 31. desember 2020 getur verið hærri en tilgreint er í d-lið 25. gr., enda sé lagður fram viðeigandi rökstuðningur og meðalhófs sé gætt;
- f. Gildistími lánsábyrgðar takmarkist við sex ár nema honum hafi verið breytt á grundvelli b-liðar 25. gr., og fjárhæð ábyrgðar sé ekki hærri en:
 - i. 90% af höfuðstól lána þar sem tapið fellur á bæði lánastofnun og ríkið í sama hlutfalli og undir sömu skilyrðum; eða
 - ii. 35% af höfuðstól lána þar sem tapið fellur fyrst á ríkið og síðan á lánastofnun (e. first-loss guarantee); og
 - iii. í báðum ofangreindum tilfellum, þegar eftirstöðvar lánsins lækka smám saman, t.d. vegna greiðslu afborgana, skal fjárhæð ábyrgðar lækka til samræmis;
- g. Lánsábyrgð skuli veita vegna fjárfestingarfjármögnunar og/eða veltufjárlána;
- h. Ábyrgð má ekki veita fyrirtækjum sem þegar voru í erfiðleikum (í skilningi reglugerðar um almenna hópundanþágu²²) þann 31. desember 2019.]

3.3. Aðstoð í formi niðurgreiddra útlánsvaxta

- 26. Niðurgreiðsla vaxta í þeim tilgangi að tryggja fyrirtækjum í ófyrirséðum lausafjársvanda aðgang að lausafé, enda sé niðurgreiðslan veitt í takmarkaðan tíma og háð takmarkaðri lánsfjárhæð, má telja viðeigandi, nauðsynlega og markvissa aðgerð í núverandi aðstæðum. Aðstoð sem veitt er samkvæmt köflum 3.2 og 3.3. má ekki vera uppsöfnuð.
- 27. [Framkvæmdastjórnin mun telja ríkisaðstoð í formi niðurgreiðslu vegna opinberrar lánveitingar samrýmanlega innri markaðnum skv. b-lið 3. mgr. 107. gr. SUSE, sé hún veitt vegna útbreiðslu COVID-19 og eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:
 - a. Heimilt sé að veita lán á niðurgreiddum vaxtakjörum enda sé vaxtahlutfall a.m.k. jafnt grunnvöxtum (eins árs IBOR-vöxtum eða jafngildi þeirra, útgefnum af framkvæmdastjórninni²³) sem í gildi voru þann 1. janúar 2020, auk álags vegna útlánahættu samkvæmt eftirfarandi töflu:

Tegund aðstoðarþega	Álag vegna útlánaáhættu, fyrsta ár	Álag vegna útlánaáhættu, 2.-3. ár	Álag vegna útlánaáhættu, 4.-6. ár
Lítill og meðalstór fyrirtæki	25 bp ²⁴	50 bp ²⁵	100 bp
Stór fyrirtæki	50 bp	100 bp	200 bp

²² Samkvæmt skilgreiningu í 18. mgr. 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 frá 17. júní 2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans, Stjtið. ESB 187 frá 26.6.2014, bls. 1.

²³ Grunnvextir útreiknaðir samkvæmt orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um breytingu á aðferðafræði við útreikning viðmiðunarvaxta og forvaxta (Stjtið. ESB C 14 frá 19.01.2008, bls. 6) og birt á vefsíðu DG Competition: https://ec.europa.eu/competition/state_aid/legislation/reference_rates.html.

²⁴ Lágmarks heildarvextir (grunnvextir auk áhættuálags) skulu ávallt vera a.m.k. 10 bp á ári.

²⁵ Lágmarks heildarvextir (grunnvextir auk áhættuálags) skulu ávallt vera a.m.k. 10 bp á ári.

- b. Að öðrum kosti megi aðildarríki tilkynna um kerfi þar sem taflan að ofan er höfð til hliðsjónar en lánstíma og áhættuálagi er unnt að breyta; t.d. má áhættuálag vera óbreytt á öllum lánstímanum sé álag á hverri tegund lántakanda hærra en fyrsta árs lágmark, en leiðrétt fyrir lánstíma samkvæmt þessari málsgrein;²⁶
- c. Lánasamningar séu undirritaðir eigi síðar en 31. desember 2020 og takmarkist við sex ára lánstíma að hámarki, nema breytingar hafi verið gerðar á grundvelli b-liðar 27. gr.;
- d. Heildarfjárhæð lána til hvers lántakanda með lokagjalddaga eftir 31. desember 2020 sé ekki hærri en:
 - i. tvöfaldur árlegur launakostnaður viðkomandi fyrirtækis (þ.m.t. tryggingagjöld og kostnaður vegna starfsmanna sem vinna á athafnasvæði fyrirtækisins en eru á launaskrá undirverktaka) á árinu 2019, eða síðasta ári þar sem tölur liggja fyrir. Í tilfalli fyrirtækja stofnaðra frá og með 1. janúar 2019 skuli lánsfjárhæðin ekki vera hærri en áætlaður árlegur launakostnaður fyrstu tveggja rekstrarára; eða
 - ii. 25% af heildarveltu lántakanda á árinu 2019; eða
 - iii. leggi fyrirtæki fram viðeigandi rökstuðning ásamt yfirlýsingu um lausafjárþörf²⁷ er heimilt að hækka lánsfjárhæð svo að hún mæti lausafjárþörf í 18 mánuði frá útgáfudegi lánsins í tilvikum lítilla og meðalstórra fyrirtækja og í 12 mánuði frá útgáfudegi í tilvikum stórra fyrirtækja;
- e. Höfuðstóll lána til hvers lántakanda með lokagjalddaga til og með 31. desember 2020 getur verið hærri en tilgreint er í d-lið 27. gr., enda sé lagður fram viðeigandi rökstuðningur og meðalhófs sé gætt;
- f. Lán skuli veita vegna fjárfestingarfjármögnunar- og/eða veltufjárþarfar;
- g. Lán má ekki veita fyrirtækjum sem þegar voru í erfiðleikum (í skilningi reglugerðar um almenna hópundanþágu²⁸) þann 31. desember 2019.]

3.4. Aðstoð í formi ábyrgða og lánveitinga sem miðlaðar eru í gegnum lánastofnanir eða önnur fjármálafyrirtæki

- 28. Aðstoð í formi lánsábyrgðar og vaxtaniðurgreiðslu samkvæmt köflum 3.2 og 3.3 í þessari orðsendingu má veita fyrirtækjum í ófyrirséðum lausafjávanda annað hvort beint eða í gegnum lánastofnanir eða aðra fjármagnsmiðlara. Í síðarnefndu tilfalli skal uppfylla neðangreind skilyrði.
- 29. Þótt slík aðstoð sé veitt fyrirtækjum í ófyrirséðum lausafjávanda en ekki lánastofnunum eða öðrum fjármálafyrirtækjum getur hún e.t.v. komið þeim síðarnefnda að gangi óbeint. Samt sem áður er slíkri óbeinni aðstoð ekki ætlað að varðveita eða endurheimta rekstrarhæfi, lausafjárstöðu eða gjaldfærni lánastofnana. Þar af leiðandi telur framkvæmdastjórnin að slík aðstoð skuli ekki flokkast sem sérstakur ríkisstuðningur skv. 1. mgr. 2. gr. nr. 28 BRRD-tilskipunar og 1. mgr. 3. gr. nr. 29

²⁶ Lágmarks heildarvextir (grunnvextir auk áhættuálags) skulu ávallt vera a.m.k. 10 bp á ári. Lausafjárþörfin má ná til bæði veltufjár og fjárfestingarkostnaðar.

²⁸ Samkvæmt skilgreiningu í 18. mgr. 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 frá 17. júní 2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans, Stjtið. ESB 187 frá 26.6.2014, bls. 1.

SRM-reglugerðar og að hana skuli ekki meta samkvæmt þeim reglum um ríkisaðstoð er gilda um bankastarfsemi.²⁹

30. Í öllu falli er viðeigandi að innleiða varnarráðstafanir varðandi hugsanlega óbeina ríkisaðstoð til handa lánastofnunum eða öðrum fjármálafyrirtækjum til þess að lágmarka ótilhlýðilega samkeppnisröskun.
31. Lánastofnanir eða önnur fjármálafyrirtæki skulu miðla ávinningi lánsábyrgðar eða vaxtaniðurgreiðslu áfram til lántakenda sinna eftir því sem frekast er unnt. Fjármagnsmiðlari skal geta sýnt fram á að hann starfi samkvæmt kerfi sem miðli ávinningi áfram til lántakenda eftir því sem frekast er unnt, svo sem með auknum lánveitingum, áhættusamari lánasöfnum, lægra veði, lægra álagi vegna ábyrgða eða lægri útlánsvöxtum. Í tilfellum þar sem skylt er með lögum að lengja lokagjalddaga fyrirbyggjandi lána til lítilla og meðalstórra fyrirtækja er óheimilt að innheimta sérstakt ábyrgðargjald.

[3.5. Skammtímagreiðsluvátrygging vegna útflutnings

32. Samkvæmt orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um skammtímagreiðsluvátryggingu vegna útflutnings (e. short-term export-credit insurance, STEC) er óheimilt að ríkisstuðningur greiðsluvátryggingar vegna útflutnings nái til markaðshæfrar áhættu. Vegna yfirstandandi útbreiðslu COVID-19 og í kjölfar samráðs um fáanleika skammtímagreiðsluvátryggingar vegna útflutnings í öllum löndum sem standa frammi fyrir markaðshæfri áhættu hefur framkvæmdastjórnin komist að því að á einkamarkaði sé almennur skortur á nægjanlegri skammtímagreiðsluvátryggingu vegna útflutnings og að vátryggingavernd vegna markaðshæfrar áhættu sé tímabundið ófáanleg.
33. Í þessu samhengi telur framkvæmdastjórnin alla viðskiptaáhættu og pólitíska áhættu sem fylgir útflutningi til ríkja sem tilgreind eru í viðauka við STEC tímabundið ómarkaðshæfa, til og með 31. desember 2020.^{30]}

[Kafli 3.6: Stuðningur vegna COVID-19-tengdra rannsókna og þróunar

34. Til viðbótar við mögulega aðstoð sem byggir á c-lið 3. mgr. 107. gr. SUSE er brýnt að stuðla að COVID-19-tengdum rannsóknum og þróun til að taka á hinni yfirstandandi heilsuvá.
35. Framkvæmdastjórnin mun telja ríkisaðstoð vegna COVID-19-tengdra rannsókna- og þróunarverkefna og annarra rannsókna á veiruhamlandi meðferð,³¹ þar á meðal verkefna sem hafa fengið COVID-19-tengda vottun (e. Seal of Excellence) á grundvelli Horizon 2020 SME-rammaáætlunar, samrýmanlega innri markaðnum séu öll eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

²⁹ Sjá lið 6 í þessum tímabundna ramma.

³⁰ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um breytingu á viðauka við orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins í málum varðandi skammtímagreiðsluvátryggingu vegna útflutnings, C(2020)2044 lokaútgáfa frá 27. mars 2020, Stjtið ESB C 101I frá 28.3.2020, bls. 1.

³¹ Til COVID-19-tengda rannsókna og annarra rannsókna á veiruhamlandi meðferð teljast rannsóknir á bóluefnum, lækningaáhöldum, sjúkrahústækjum og lækningatækjum, sótthreinsiefnum, hlífðarfatnaði og -áhöldum; og rannsóknir á nýjum ferlum er stuðla að hagkvæmri framleiðslu á nauðsynlegum vörum.

- a. Aðstoð sé veitt í formi beins fjárstuðnings, endurgreiðslubærrar fyrirframgreiðslu eða skattaívilnana eigi síðar en 31. desember 2020;
- b. Í tilviki rannsókn- og þróunarverkefna sem hófust frá 1. febrúar 2020 eða í tilviki verkefna sem hafa fengið COVID-19-tengda vottun (e. Seal of Excellence) teljist aðstoðin hafa hvetjandi áhrif sé hún nauðsynleg til að flýta fyrir verkefninu eða auka umfang þess. Í slíkum tilfellum verður einungis sá viðbótarkostnaðar er hlýst af því að flýta fyrir verkefni eða auka umfang þess talinn styrkhæfur;
- c. Styrkhæfur kostnaður getur tekið til alls nauðsynlegs kostnaðar vegna rannsókna- og þróunarverkefnisins á meðan verkefnið stendur yfir, þar á meðal kostnaðar vegna launa, tölvubúnaðar, greiningartækja, gagnaöflunar- og gagnavinnslutækja, rannsókna- og þróunarþjónustu, forklínískrar og klínískrar prófunar (I.-IV. stigs); vegna öflunar, staðfestingar og varnar einkaleyfa og annarra óefnislegra eigna; vegna öflunar á nauðsynlegu samræmismati og/eða heimildum til markaðssetningar á nýjum og bættum bóluefnum og lyfjavörum, lækningaáhöldum, sjúkrahústækjum og lækningatækjum, sótthreinsiefnum, hlífðarfatnaði og -áhöldum; IV. stigs rannsóknir eru styrkhæfar svo fremi sem þær bjóði upp á frekari vísindalega eða tæknilega framþróun;
- d. Aðstoðarhlutfall fyrir hvert fyrirtæki sem fær aðstoð má ná 100% af styrkhæfum kostnaði vegna grunnrannsókna og skal takmarkast við 80% af styrkhæfum kostnaði vegna iðnaðarrannsókna og tilraunaþróunar;³²
- e. Vegna iðnaðarrannsókna og tilraunaþróunar má hækka aðstoðarhlutfallið um 15 prósentur ef fleiri en eitt aðildarríki styður rannsóknarverkefnið eða ef verkefnið felur í sér millilandasamstarf rannsóknastofnana eða annarra fyrirtækja;
- f. Aðstoð á grundvelli þessarar ráðstöfunar má leggja saman við annan stuðning vegna sama styrkhæfs kostnaðar, enda sé samhlöðuð fjárhæð aðstoðar ekki hærri en tilgreindar hámarksfjárhæðir samkvæmt d- og e-liðum hér að ofan;
- g. Viðtakandi aðstoðarinnar skuli skuldbinda sig til að veita þriðju aðilum innan EES almennt nytjaleyfi á jafnræðisgrundvelli;
- h. Aðstoð má ekki veita fyrirtækjum sem þegar voru í erfiðleikum (í skilningi reglugerðar um almenna hópundanþágu³³) þann 31. desember 2019.]

[Kafli 3.7: Fjárfestingaraðstoð vegna prófunar- og framleiðsluaukningarinnviða

- 36. Til viðbótar við mögulega aðstoð sem byggir á c-lið 3. mgr. 107. gr. SUSE er brýnt að styrkja prófunar- og framleiðsluaukningarinnviði er stuðla að þróun á COVID-19-tengdum vörum.
- 37. Þar af leiðandi mun framkvæmdastjórnin telja fjárfestingaraðstoð vegna uppbyggingar eða uppfærslu á prófunar- og framleiðsluaukningarinnviðum sem nauðsynlegir eru til að þróa, prófa og auka framleiðslu á COVID-19-tengdum vörum fram að fyrstu

³² Samkvæmt skilgreiningu í 84., 85. og 86. mgr. 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 frá 17. júní 2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans, Stjtið. ESB 187 frá 26.6.2014, bls. 1.

³³ Samkvæmt skilgreiningu í 18. mgr. 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 frá 17. júní 2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans, Stjtið. ESB 187 frá 26.6.2014, bls. 1.

iðnaðarútfærslu fyrir fjölframleiðslu, eins og lýst er í kafla 3.8, samrýmanlega innri markaðnum, enda séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

- a. Aðstoð sé veitt vegna uppbyggingar eða uppfærslu á prófunar- og framleiðsluaukningarinnviðum sem nauðsynlegir eru til að þróa, prófa og auka framleiðslu á eftirfarandi COVID-19-tengdum vörum fram að fyrstu iðnaðarútfærslu fyrir fjölframleiðslu: COVID-19-tengdum lyfjavörum (þ.m.t. bóluefnum) og -meðferð, millistigsvörum þeirra og virku lyfjafræðilegu innihalds- og hráefni; lækningaáhöldum, sjúkrahústækjum og lækningatækjum (þ.m.t. öndunarvélum, hlífðarfatnaði og -búnaði og greiningaráhöldum) og nauðsynlegu hráefni þar að lútandi; sóttreinsiefnum, millistigsvörum þeirra og kemísku hráefni sem nauðsynlegt er vegna framleiðslu þeirra; auk tækja til gagnaöflunar og -vinnslu;
- b. Aðstoð sé veitt í formi beins fjárstuðnings, skattaívilnana eða endurgreiðslubærrar fyrirframgreiðslu eigi síðar en 31. desember 2020;
- c. Í tilviki rannsókn- og þróunarverkefna sem hófust frá 1. febrúar 2020 teljist aðstoðin hafa hvetjandi áhrif; í tilviki verkefna sem hófust fyrir 1. febrúar 2020 teljist aðstoðin hafa hvetjandi áhrif sé hún nauðsynleg til að flýta fyrir verkefninu eða auka umfang þess. Í slíkum tilfellum verður einungis sá viðbótarkostnaðar er hlýst af því að flýta fyrir verkefni eða auka umfang þess talinn styrkhæfur;
- d. Fjárfestingarverkefni skal lokið innan sex mánaða frá því að aðstoð er veitt. Fjárfestingarverkefni telst lokið þegar það er staðfest sem slíkt af þar til bærum yfirvöldum aðildarríkis. Fyrir hvern mánuð sem lok verkefnisins dregst umfram sex mánuði skal endurgreiða 25% af aðstoð sem veitt var í formi beins fjárstuðnings eða skattaívilnana nema seinkunina megi rekja til óviðráðanlegra þátta. Ef verkefninu lýkur á tilsettum tíma er aðstoð í formi endurgreiðslubærra fyrirframgreiðslna breytt í styrk; ef verkefninu lýkur ekki á tilsettum tíma skal viðtakandi endurgreiða fyrirframgreiðsluna með jöfnum árlegum afborgunum innan fimm ára frá því að aðstoð er veitt;
- e. Styrkhæfur kostnaður skilgreinist sem nauðsynlegur kostnaður vegna uppbyggingar á prófunar- og framleiðsluaukningarinnviðum sem eru nauðsynlegir til að þróa vörur tilgreindar í a-lið hér að ofan. Aðstoðarhlutfallið skal takmarkast við 75% af styrkhæfum kostnaði;
- f. Hámarks aðstoðarhlutfall vegna beins fjárstuðnings eða skattaívilnana má hækka um 15 prósentur til viðbótar ef fjárfestingarverkefninu lýkur innan tveggja mánaða frá því að aðstoð er veitt eða umsókn um skattaívilnun berst, eða ef fleiri en eitt aðildarríki styður verkefnið. Ef aðstoð er veitt í formi endurgreiðslubærrar fyrirframgreiðslu og verkefninu lýkur innan tveggja mánaða, eða ef fleiri en eitt aðildarríki styður verkefnið, er heimilt að hækka aðstoðarhlutfallið um 15 prósentur til viðbótar;
- g. Aðstoð á grundvelli þessarar ráðstöfunar skal ekki leggja saman við aðra fjárfestingaráðstoð vegna sama styrkhæfs kostnaðar;
- h. Ábyrgð til tryggingar gegn tapi (e. loss cover guarantee) má veita til viðbótar við beinan fjárstuðning, skattaívilnun eða endurgreiðslubæra fyrirframgreiðslu, eða sem staka aðstoðarráðstöfun. Ábyrgð til tryggingar gegn tapi er veitt innan eins mánaðar frá umsókn fyrirtækis og fjárhæð taps sem bætt verður er ákvörðuð fimm árum eftir lok fjárfestingarverkefnisins. Bótafjárhæð reiknast sem mismunur milli samtölu fjárfestingarkostnaðar, hæfilegs hagnaðar (10% árlegs hagnaðar af

fjárfestingarkostnaði á fimm ára tímabili) og rekstrarkostnaðar annars vegar, og samtölu beins fjárstuðnings, rekstrartekna á fimm ára tímabili og lokavirðis verkefnisins hins vegar;

- i. Verðlagning á þjónustu sem veitt er af prófunar- og framleiðsluaukningarinnviðum skuli vera í samræmi við markaðsverð;
- j. Prófunar- og framleiðsluaukningarinnviðir skuli vera opnir mörgum notendum og aðgangur veittur á gagnsæis- og jafnræðisgrundvelli. Fyrirtækjum sem hafa fjármagnað a.m.k. 10% af fjárfestingarkostnaði verkefnisins megi veita forgangsrétt við hagkvæmari skilyrði;
- k. Aðstoð má ekki veita fyrirtækjum sem þegar voru í erfiðleikum (í skilningi reglugerðar um almenna hópundanþágu³⁴) þann 31. desember 2019.]

[Kafli 3.8: Fjárfestingaraðstoð vegna framleiðslu á COVID-19-tengdum vörum

38. Til viðbótar við mögulega aðstoð sem byggir á c-lið 3. mgr. 107. gr. SUSE er brýnt að stuðla að framleiðslu á COVID-19-tengdum vörum. Hér undir falla COVID-19-tengdar lyfjavörur (þ.m.t. bóluefni) og -meðferð, millistigsvörur þeirra og virkt lyfjafræðilegt innihalds- og hráefni; lækningaáhöld, sjúkrahústæki og lækningatæki (þ.m.t. öndunarvélar, hlífðarfatnaður og -búnaður og greiningaráhöld) og nauðsynlegt hráefni þar að lútandi; sótthreinsiefni, millistigsvörur þeirra og kemískt hráefni sem nauðsynlegt er vegna framleiðslu þeirra; auk tækja til gagnaöflunar og -vinnslu.
39. Framkvæmdastjórnin mun telja fjárfestingaraðstoð vegna framleiðslu á COVID-19-tengdum vörum samrýmanlega innri markaðnum, enda séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:
 - a. Fjárfestingaraðstoðin sé veitt vegna framleiðslu á COVID-19-tengdum vörum, svo sem lyfjavörum (þ.m.t. bóluefnum) og -meðferð, millistigsvörum þeirra og virku lyfjafræðilegu innihalds- og hráefni; lækningaáhöldum, sjúkrahústækjum og lækningatækjum (þ.m.t. öndunarvéllum, hlífðarfatnaði og -búnaði og greiningaráhöldum) og nauðsynlegu hráefni þar að lútandi; sótthreinsiefnum, millistigsvörum þeirra og kemísku hráefni sem nauðsynlegt er vegna framleiðslu þeirra; auk tækja til gagnaöflunar og -vinnslu;
 - b. Aðstoð sé veitt í formi beins fjárstuðnings, skattaávilnana eða endurgreiðslubærrar fyrirframgreiðslu eigi síðar en 31. desember 2020;
 - c. Í tilviki rannsóknar- og þróunarverkefna sem hófust frá 1. febrúar 2020 teljist aðstoðin hafa hvetjandi áhrif; í tilviki verkefna sem hófust fyrir 1. febrúar 2020 teljist aðstoðin hafa hvetjandi áhrif sé hún nauðsynleg til að flýta fyrir verkefninu eða auka umfang þess. Í slíkum tilfellum verður einungis sá viðbótarkostnaðar er hlýst af því að flýta fyrir verkefni eða auka umfang þess talinn styrkhæfur;
 - d. Fjárfestingarverkefni skal lokið innan sex mánaða frá því að aðstoð er veitt. Fjárfestingarverkefni telst lokið þegar það er staðfest sem slíkt af þar til bærum stjórnvöldum aðildarríkis. Fyrir hvern mánuð sem lok verkefnisins dregst umfram sex mánuði skal endurgreiða 25% af aðstoð sem veitt var í formi beins fjárstuðnings

³⁴ Samkvæmt skilgreiningu í 18. mgr. 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 frá 17. júní 2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans, Stjtið. ESB 187 frá 26.6.2014, bls. 1.

eða skattaívilnana nema seinkunina megi rekja til óviðráðanlegra þátta. Ef verkefninu lýkur á tilsettum tíma er aðstoð í formi endurgreiðslubærra fyrirframgreiðslna breytt í styrk; ef verkefninu lýkur ekki á tilsettum tíma skal viðtakandi endurgreiða fyrirframgreiðsluna með jöfnum árlegum afborgunum innan fimm ára frá því að aðstoð er veitt;

- e. Styrkhæfur kostnaður skilgreinist sem allur nauðsynlegur fjárfestingarkostnaður vegna framleiðslu á vörum tilgreindum í a-lið sem og kostnaður vegna prufukeyrslu á nýjum framleiðslustöðvum. Aðstoðarhlutfallið skal takmarkast við 80% af styrkhæfum kostnaði;
- f. Hámarks aðstoðarhlutfall vegna beins fjárstuðnings eða skattaívilnunar má hækka um 15 prósentur til viðbótar ef fjárfestingarverkefninu lýkur innan tveggja mánaða frá því að styrkur er veittur eða umsókn um skattaívilnun berst, eða ef fleiri en eitt aðildarríki styður verkefnið. Ef aðstoð er veitt í formi endurgreiðslubærrar fyrirframgreiðslu og verkefninu lýkur innan tveggja mánaða, eða ef fleiri en eitt aðildarríki styður verkefnið, er heimilt að hækka aðstoðarhlutfallið um 15 prósentur til viðbótar;
- g. Aðstoð á grundvelli þessarar ráðstöfunar skal ekki leggja saman við aðra fjárfestingaraðstoð vegna sama styrkhæfs kostnaðar;
- h. Ábyrgð til tryggingar gegn tapi (e. loss cover guarantee) má veita til viðbótar við beinan fjárstuðning, skattaívilnun eða endurgreiðslubæra fyrirframgreiðslu, eða sem staka aðstoðarráðstöfun. Ábyrgð til tryggingar gegn tapi er veitt innan eins mánaðar frá umsóknardegi og fjárhæð taps sem bætt verður er ákvörðuð fimm árum eftir lok fjárfestingarverkefnisins. Bótafjárhæð reiknast sem mismunur milli samtölu fjárfestingarkostnaðar, hæfilegs hagnaðar (10% árlegs hagnaðar af fjárfestingarkostnaði á fimm ára tímabili) og rekstrarkostnaðar annars vegar, og samtölu beins fjárstuðnings, rekstrartekna á fimm ára tímabili og lokavirðis verkefnisins hins vegar;
- i. Aðstoð má ekki veita fyrirtækjum sem þegar voru í erfiðleikum (í skilningi reglugerðar um almenna hópundanþágu³⁵) þann 31. desember 2019.]

[Kafli 3.9: Aðstoð í formi frestunar á greiðslu skatta og/eða tryggingagjalda

- 40. Frestun á greiðslu skatta og/eða tryggingagjalda getur verið öflug leið að draga úr lausafjárvanda fyrirtækja (þ.m.t. sjálfstætt starfandi einstaklinga) og varðveita atvinnu. Þar sem slíkri frestun er beitt almennt og hún takmarkast ekki við tiltekin fyrirtæki eða framleiðslu tiltekinnar vöru fellur hún utan gildissviðs 1. mgr. 107. gr. SUSE. Ef hún takmarkast við tilteknar atvinnugreinar, svæði eða tegundir fyrirtækja felur hún í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 107. gr. SUSE.³⁶
- 41. Framkvæmdastjórnin mun telja aðstoðarkerfi sem fela í sér tímabundna frestun á greiðslu skatta eða tryggingagjalda til handa fyrirtækjum (þ.m.t. sjálfstætt starfandi einstaklingum) sem hafa orðið fyrir sérlega sterkum áhrifum vegna útbreiðslu COVID-19 – t.d. fyrirtækjum í tilteknum atvinnugreinum eða á tilteknum svæðum, eða

³⁵ Samkvæmt skilgreiningu í 18. mgr. 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 frá 17. júní 2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans, Stjtið. ESB 187 frá 26.6.2014, bls. 1.

³⁶ Sjá einnig 118. gr. tilkynningar framkvæmdastjórnarinnar varðandi ríkisaðstoð á grundvelli 1. mgr. 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins C/2016/2946, Stjtið ESB C 262 frá 19.7.2016, bls. 1-50.

fyrirtækjum af tiltekinni stærð – samrýmanleg inni markaðnum á grundvelli b-liðar 3. mgr. 107. gr. SUSE. Þetta gildir einnig um ráðstafanir tengdar skuldbindingum gagnvart hinu opinbera og tryggingakerfinu, í því skyni að draga úr lausafjárvanda viðtakenda; t.d. frestun á afborgunum, greiðari aðgang að greiðsluáætlunum vegna skattskulda, tímabundna niðurfellingu á vöxtum, frestun á innheimtu skattskulda og flýtingu á skattaendurgreiðslum. Aðstoð skal veita fyrir 31. desember 2020 og lokadagur frestunar skal vera í síðasta lagi 31. desember 2022.]

[Kafli 3.10: Aðstoð í formi launastyrkja til handa starfsmönnum til að forðast uppsagnir á meðan á COVID-19-faraldrinum stendur

42. Í því skyni að varðveita atvinnu geta aðildarríki séð fram á að taka þátt í launakostnaði fyrirtækja (þ.m.t. sjálfstætt starfandi einstaklinga) sem þyrftu ella að segja upp starfsfólki vegna útbreiðslu COVID-19. Ef slík aðstoðarkerfi gilda fyrir hagkerfið í heild sinni lúta þau ekki eftirliti ESB með ríkisaðstoð. Ef þau veita tilteknum fyrirtækjum samkeppnisforskot, sem getur gerst ef þau takmarkast við tilteknar atvinnugreinar, svæði eða tegundir fyrirtækja, fela þau í sér aðstoð í skilningi 1. mgr. 107. gr. SUSE.
43. Teljist slíkar ráðstafanir ríkisaðstoð mun framkvæmdastjórnin telja þær samrýmanlegar innri markaðnum á grundvelli b-liðar 3. mgr. 107. gr. SUSE, enda séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:
 - a. Markmið með aðstoðinni sé að forðast uppsagnir á meðan á COVID-19-faraldrinum stendur.
 - b. Aðstoð sé veitt í formi kerfa til handa fyrirtækjum í tilteknum atvinnugreinum eða á tilteknum svæðum, eða fyrirtækjum af tiltekinni stærð, sem hafa orðið fyrir sérlega miklum áhrifum vegna útbreiðslu COVID-19;
 - c. Tímabil launaaðstoðar takmarkist við tólf mánuði frá umsóknardegi; aðstoðin sé ætluð starfsmönnum sem ella hefði verið sagt upp í kjölfar stöðvunar eða samdráttar á starfsemi sökum útbreiðslu COVID-19 og sé háð því skilyrði að starfsmenn sem njóti hennar séu áfram á launaskrá á öllu tímabili launaaðstoðarinnar;
 - d. Mánaðarleg launaaðstoð takmarkist við 80% af brúttólaunum (þ.m.t. tryggingagjöldum) viðkomandi starfsmanna. Einnig mega aðildarríki tilkynna, sérstaklega vegna láglaunafólks, aðrar aðferðir til útreiknings aðstoðarlutfalls, svo sem að nota meðallaun á landsvísu eða lágmarkslaun sem viðmið, enda sé meðalhófs gætt;
 - e. Launaaðstoð megi leggja saman við aðrar almennar eða sértækar atvinnustyðjandi ráðstafanir, enda leiði samanlögð aðstoð ekki til ofgreiðslu launa viðkomandi starfsmanna. Einnig má leggja launaaðstoð saman við frestun á greiðslu skatta og tryggingagjalda.]

4. EFTIRLIT OG UPPLÝSINGAGJÖF

44. [Fyrir utan aðstoð veitta á grundvelli kafla 3.9 og 3.10 er aðildarríkjum skylt að birta á ríkisaðstoðarvefsíðu eða upplýsingatæknigátt framkvæmdastjórnarinnar³⁷ viðeigandi upplýsingar³⁸ um hverja staka aðstoð veitta samkvæmt þessari orðsendingu innan 12 mánaða frá því að aðstoð er veitt.]
45. Aðildarríkjum er skylt að skila árlegum skýrslum til framkvæmdastjórnarinnar.³⁹
46. Eigi síðar en 31. desember 2020 skulu aðildarríki senda framkvæmdastjórninni lista yfir aðgerðir framkvæmdar á grunni samþykktra kerfa samkvæmt þessari orðsendingu.
47. Aðildarríki skulu halda ítarlegum gögnum um aðstoð sem veitt er samkvæmt þessari orðsendingu. Slík gögn, sem skulu innihalda allar þær upplýsingar sem þarf til að sýna fram á að nauðsynleg skilyrði hafi verið uppfyllt, skulu varðveitt í 10 ár frá því að aðstoð er veitt og send framkvæmdastjórninni óski hún þess.
48. Framkvæmdastjórninni er heimilt að óska eftir viðbótar upplýsingum varðandi veitta aðstoð í því skyni að staðfesta að skilyrðum samkvæmt ákvörðun hennar um samþykki aðgerðarinnar hafi verið fullnægt.

5. LOKAÁKVÆÐI

49. Framkvæmdastjórnin beitir ákvæðum þessarar orðsendingar frá og með 19. mars 2020 með hliðsjón af efnahagsáhrifum COVID-19-faraldursins, sem kallaði á aðgerðir þegar í stað. Orðsending þessi er réttlætunleg í þeim afar óvenjulegu aðstæðum sem nú eru uppi og ákvæðum hennar verður ekki beitt eftir 31. desember 2020. Framkvæmdastjórnin kann að endurskoða orðsendinguna fyrir þann dag mæli brýn samkeppnis- eða efnahagssjónarmið með því. Þar sem gagnlegt þykir kann framkvæmdastjórnin einnig að skýra nánar rökin að baki nálgunar sinnar að tilteknum atriðum.
50. Framkvæmdastjórnin beitir ákvæðum þessarar orðsendingar vegna allra viðeigandi tilkynnta aðgerða frá og með 19. mars 2020 enda þótt aðgerðirnar hafi verið tilkynntar fyrir þann dag.
51. Í samræmi við tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um viðeigandi reglur varðandi mat á ólöglegri ríkisaðstoð⁴⁰ beitir framkvæmdastjórnin eftirfarandi reglu vegna aðstoðar án tilkynningar:
 - a. þessi orðsending skal gilda um aðstoð veitta eftir 1. febrúar 2020;

³⁷ Leitarvélina um gagnsæi ríkisaðstoðar veitir aðgang að upplýsingum um stakar aðstoðarráðstafanir aðildarríkja, í samræmi við evrópskar gagnsæiskröfur vegna ríkisaðstoðar; hana má finna hér: <https://webgate.ec.europa.eu/competition/transparency/public?lang=en>.

³⁸ Upplýsingar sem skylt er að veita skv. viðauka III við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 frá 17. júní 2014; og viðauka III við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 702/2014 og viðauka III við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1388/2014 frá 16. desember 2014. Í tilfalli endurgreiðslubærra fyrirframgreiðslna, ábyrgða, lána og annarrar tegundar aðstoðar má setja inn nafnvirði undirliggjandi gernings á hvern viðtakanda. Í tilfalli skatta- og greiðsluivilnana má tilgreina fjárhæð stakrar aðstoðar á tilteknu bili.

³⁹ Stjtið. ESB L 140 frá 30.4.2004, bls. 1-134.

⁴⁰ Stjtið. ESB L 119 frá 22.5.2002, bls. 22.

- b. í öllum öðrum tilfellum gilda reglurnar sem í gildi voru þegar aðstoð var veitt.
52. Framkvæmdastjórnin tryggir, í nánu samstarfi við viðkomandi aðildarríki, að ákvarðanir skuli teknar svo fljótt sem auðið er að fenginni skýrri og fullunninni tilkynningu um ráðstafanir sem orðsending þessi nær til. Aðildarríki skulu láta framkvæmdastjórnina vita um fyrirætlanir sínar og tilkynna áætlanir um slíkar ráðstafanir á greinargóðan hátt eins fljót og auðið er. Framkvæmdastjórnin mun veita aðildarríkjum leiðsögn og aðstoð í þessu ferli.